



Á döfinni

4. janúar - Skóli hefst að loknu jólafríi kl. 9:30

20. janúar - Foreldraviðtöl

25.-26. janúar - Danskennsla áætluð.

Pistill skólastjóra

Í desember var grímuskyldu aflétt hjá unglingunum en starfsmenn nota áfram grímur hjá þeim. Vonandi verður hægt að aflétta meiru í byrjun árs og hugsanlegt að það verði heimilt að foreldrar megi koma í skólann. Þetta eru skrátnir tímar og vonandi sjáum við fram á betri tíð.

Þemadagar gengu vel og eru orðnir einn af rótgrónu þáttum skólastarfsins. Litlujólin eru í föstum skorðum og sem betur fer er hægt að halda þau þó með smávægilegri breytingu þar sem jólasveinarnir geta ekki komið til okkar.

Vitnisburður nemenda var afhentur fyrir jólafrí. Hann er með breyttu sniði frá því áður var. Nú fá allir umsagnir sem við vonum að segi nemendum og foreldrum meira um stöðuna.

Skóli hefst að loknu jólafríi 4. janúar kl. 9:30, það verður enginn morgunmatur.

Foreldraviðtöl verða 20. janúar, tímasetningar viðtalanna verða sendar eftir jólafrí.

Í janúar verður könnun hjá öllum foreldrum skólans. Könnunin er liður í sjálfsmati skólans og því mikilvægt að allir svari og taki þannig þátt í mati á skólastarfi.

Dagana 25. og 26. janúar er áætluð danskennsla. Anna Breiðfjörð kemur og kennir ef aðstæður leyfa.

Starfsfólk Reykjahlíðarskóla sendir nemendum og fjölskyldum þeirra ósk um gleðileg jól og farsæld á nýju ári. Þökkum árið sem er að líða og hlökkum til samstarfs á nýju ári.

Gleðileg
jól

Dagskrá Reykjahlíðarskóla janúar 2021

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
4. Soðinn fiskur, kartöflur, lauksmjör og grænmeti.	5. Pylsupasta, grænmeti og sósa.	6. Plokkfiskur, rúgbrauð og grænmeti.	7. Snitsel, kartöflur, grænmeti og sósa.	8. Kjötsúpa og brauð.	9.	10.
11. Hakkbollur, kartöflur, grænmeti og sósa.	12. Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti og sósa.	13. Taco með hakksósu, salsa, osti, grænmeti og hrísgrjónum.	14. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti, rúgbrauð og smjör.	15. Grjónagrautur, slátur og smurt brauð.	16.	17.
18. Kjúklingur, kartöflur, grænmeti og sósa.	19. Fiskibollur, hrísgrjón, grænmeti og súrsætsósa.	20. Foreldraviðtöl	21. Silungur, kartöflur, grænmeti og sósa.	22. Mexíkósk kjúklingasúpa, flögur, sýrður rjómi og rifinn ostur.	23.	24.
25. Lasagne og grænmeti. Danskensla	26. Soðinn fiskur, kartöflur, lauksmjör og grænmeti. Danskensla	27. Soðið slátur, kartöflur, jafningur og grænmeti.	28. Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti og sósa.	29. Pasta með hakki og grænmeti.	30.	31.